

AUGLÝSING

um breytta gjaldskyldu á bílastæðum við Skólavörðustíg neðan Bergstaðastrætis og Bergstaðastræti milli Laugavegar og Skólavörðustígs.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 10. september 2002, með tilvísun til 10. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 2. gr. reglna um bílastæðakort íbúa dags. 26. apríl 2002:

Mörkum gjaldsvæða I og II verði breytt þannig að stæði við Bergstaðastræti milli Laugavegar og Skólavörðustígs, og stæði við Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Bankastræti, tilheyri framvegis gjaldsvæði I, með tímagjaldinu 150 krónur á klukkustund og leyfilegum hámarkstíma 60 mínútum.

Nýtt kort yfir gildissvæði íbúakorta dagsett 18. mars 2003 er birt sem fylgiskjal með þessari auglýsingu.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 18. mars 2003.

Dórólfur Árnason.

Hjörleifur B. Kvaran e.u.

Fylgiskjal.

